

**Háskólinn á Akureyri  
Hug- og félagsvísindasvið  
Kennaradeild  
Grunnskólakennarabraut  
2011**

**Amma Þuríður og Þjóðsagnaferðin**  
*námsefni með áherslu á samþættingu námsgreina*

**Þorbjörg Dagný Kristbjörnsdóttir  
Lokaverkefni**

**Háskólinn á Akureyri  
Hug- og félagsvísindasvið  
Kennaradeild  
Grunnskólakennarabraut  
2011**

**Amma Þuríður og Þjóðsagnaferðin**  
*námsefni með áherslu á samþættingu námsgreina*

**Þorbjörg Dagný Kristbjörnsdóttir**

**Leiðsögukenari: Eygló Björnsdóttir**  
**Lokaverkefni til 180 eininga B.Ed. prófs**

## Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

---

Þorbjörg Dagný Kristbjörnsdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómum kröfum til B.Ed. prófs í kennaradeild Hug- og félagsvísindasviðs.

---

Eygló Björnsdóttir

## Útdráttur

Þetta verkefni er lokaverkefni mitt til B.Ed. gráðu við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Verkefnið er tvíþætt. Annars vegar er námsefni sem ætlað er fyrir 3. og 4. bekk grunnskóla ásamt kennsluleiðbeiningum. Hins vegar er greinargerð þar sem gerð er fræðilega grein fyrir námsefninu.

Viðfangsefni námsefnisins eru þjóðsögur en þær eru notaðar til að samþætta íslensku, samfélagsgreinar og grenndarkennslu undir einu þema. Samþætting og þemanám bjóða upp á þverfaglega nálgun á ýmis viðfangsefni og geta hjálpað til við einstaklingsmiðun og aukið áhuga nemenda á viðfangsefninu. Lítið sem ekkert er til af sambærilegu námsefni í dag og því má ætla að þörfin á því sé til staðar.

*Aðalnámskrá grunnskóla* leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og að nemendur fái færi á að kynnst þeim menningararfi sem þjóðsögur eru auk þess sem aukin áhersla er á umhverfismennt í skólasterfi dagsins í dag. Í verkefninu er nálgunin við umhverfismennt í gegnum grenndarkennslu því ætla má að betra sé að byggja upp þekkingu nemenda og skilning á því nærtæka sem finna má í nágrenni þeirra og færa síðan út kvíarnar yfir í hið víðtæka og fjarlægara eins og umhverfismál á heimsvísu.

Í greinargerðinni er fjallað um námsefnisgerð, einstaklingsmiðun, þemanám og þjóðsögur auk þess sem fjallað er um grenndarkennslu og námsefnið sem hannað var og námskenningar sem því tengjast.

## Abstract

This paper is a final thesis for a B.Ed. degree in teachers education at the University of Akureyri. The paper is followed by teaching materials, for eight to nine year old children. The emphasize is on Icelandic folk tales and the tales are used to approach the disciplines of icelandic, socialstudies and place-based education within a theme. Theme based teaching can offer a interdisciplinary approach to assignments and subjects and can help teacher to differentiate in the classroom and it might also increase the learner's interest in the subject. Not much of this kind of teaching material can be found in Icelandic schools today.

*Aðalnámskrá grunnskóla*, the Icelandic main curriculum, emphasizes on diversity in teaching methods and that learners should get to know the cultural heritage the Icelandic folk tales are, along with environmental education. In this paper the approach to environmental education is through place-based education because it can be stated that it is more effective for learner to begin with learning about what is close to him and then broaden the horizon as the understaning and knowledge grows.

In this paper, there is a discussion of making teaching material, differentiation, theme-based learning and folk tales, as of course there is also a description of the teaching material that has been made, place-based learning and learning theories that the material is based on. The paper is, as mentioned above, followed by the teaching materials and the teacher's guide.

## **Þakkir**

Ótal margir eiga þakkir skyldar fyrir aðstoð og þolinmæði við vinnu þessa lokaverkefnis míns. Fyrst vil ég þakka leiðsagnarkennaranum mínum, Eygló Björnsdóttur, fyrir góða leiðsögn og vel unnin störf en ég hef lært mikið á þessari samvinnu okkar. Móðir mín, Aðalbjörg Þórólfsdóttir fær einnig innilegar þakkir fyrir stuðning og gagnrýni á verkum mínum sem og Þorbjörg Ásbjörnsdóttir og stelpurnar hennar fyrir að meta og skoða námsefnið mitt. Lilja Dís Harðardóttir á þakkir skyldar fyrir tæknilega aðstoð. Sérstakar þakkir fá Rannveig Þóra Kristbjörnsdóttir og Trausti Már Sigurbjörnsson fyrir að prófa og skoða námsefnið mitt. Að síðustu vil ég þakka Birni Elvari Björnssyni fyrir andlegan stuðning og hvatningu.

# Efnisyfirlit

|                                    |     |
|------------------------------------|-----|
| Yfirlýsingar                       | III |
| Útdráttur                          | IV  |
| Abstract                           | IV  |
| Þakkir                             | V   |
| 1. Inngangur                       | 2   |
| 2. Námsefni                        | 3   |
| 2.1. Um gerð námsefnis             | 3   |
| 2.2. Einstaklingsmiðun             | 4   |
| 3. Grenndarkennsla                 | 6   |
| 4. Þjóðsögur                       | 8   |
| 4.1. Þjóðsögur sem námsefni        | 9   |
| 5. Nám og námskenningar            | 11  |
| 5.1. Þemanám                       | 11  |
| 5.2. Félagsleg hugsmíðahyggja      | 12  |
| 6. Amma Þuríður og þjóðsagnaferðin | 15  |
| 6.1. Þörfin fyrir námsefnið        | 16  |
| 6.2. Lýsing á námsefninu           | 16  |
| 6.3. Tenging við námsgreinar       | 17  |
| 6.4. Tenging við aðalnámsskrá      | 18  |
| 6.5. Kennsluleiðbeiningar          | 19  |
| 7. Lokaorð                         | 22  |
| 8. Heimildir                       | 23  |
| 8.1. Heimildir í námsefni          | 26  |

# 1. Inngangur

Fyrir nokkru síðan sagði móðir mín mér litla sögu af vinkonu sinni sem kenndi í grunnskóla. Hún kenndi dreng sem átti óskaplega erfitt með allt nám en hafði einstakan áhuga á öllu sem viðkom fjörunni, lífríki hennar og hestum. Þessi kona notfærði sér þennan áhuga drengsins og samdi alls konar verkefni fyrir hann sem hún tengdi ýmist fjörunni eða hestum og þannig fékk drengurinn færi á að læra eftir eigin áhugasviði, og þá gekk mun betur (Aðalbjörg Þórólfsdóttir, munnleg heimild, e.d.). Svo virtist vera sem engin takmörk hafi verið á því sem hann gat lært í gegnum eigin áhugasvið.

Þegar ég fór að velta fyrir mér námsefni og hverskonar námsefni ég vildi hanna, rifjaðist þessi saga upp fyrir mér og mig langaði að gera eitthvað svipað, nálgast ólík viðfangsefni út frá einu ákveðnu þema. Af reynslu minni af börnum þekkti ég til áhuga þeirra á þjóðsögum. Þannig kviknaði sú hugmynd að hanna námsefni sem byggði á þjóðsögum sem þema og hefði jafnframt að markmiði að samþætta ólíkar námsgreinar. Smám saman tók þessi hugmynd svo á sig mynd og námsefnið *Amma Þuríður og þjóðsagnaferðin* varð til.

Greinargerð þessi fylgir námsefninu *Amma Þuríður og þjóðsagnaferðin*. Hún hefst á kafla þar sem fjallað er um námsefni, námsefnisgerð og einstaklingsmiðun. Þá tekur við kafli um grenndarkennslu og helstu hugtök hennar. Í fjórða kafla er fjallað um þjóðsögur. Gerð er grein fyrir einkennum þeirra og flokkun og kostum þess að nýta þær sem námsefni fyrir grunnskólanemendur. Í kjölfar hans fylgir síðan kafli um nám og námskenningar þar sem þemanám og félagsleg hugsmíðahyggja er í brennidepli. Sjötti kaflinn er umfjöllun um námsefnið sem samið var, *Amma Þuríður og þjóðsagnaferðin*. Þar er fjallað um þær námsgreinar sem efnið samþættir, tengingu þess við aðalnámskrá grunnskóla, og gerð er grein fyrir þeim kennsluleiðbeiningum sem fylgja námsefninu og kennarar gætu nýtt sér. Í lokaorðunum greini ég svo stuttlega frá upplifun minni og reynslu við vinnslu þessa verkefnis.

## 2. Námsefni

Hönnun námsefnis er margþætt ferli þar sem nauðsynlegt er að líta í mörg horn og taka ígrundaðar ákvarðanir um innihald, uppbyggingu, útlit og margt fleira. Við námsefnisgerð er gott að velta fyrir sér hvað felst í orðinu námsefni en samkvæmt íslenskri orðabók þýðir orðið námsefni „efni sem á að læra, t.d. í einstökum skóla eða til sérstaks prófs“ (Snara vefbækur, e.d.). Aldís Yngvadóttir skilgreinir námsefni sem „allt það efni sem notað er eða lagt til grundvallar í kennslu og námi“ (Aldís Yngvadóttir, 2008).

Í Aðalnámskrá grunnskóla eru sett fram viðmið um hvað skuli kenna og hvaða þekkingu nemendur eiga að hafa tileinkað sér við ákveðinn aldur og námsefni er hjálpartæki til að ná þeim markmiðum (almennur hluti, 2006, bls. 17) sem og markmiðum hvers skóla fyrir sig. Það er svo þannig að sú þekking sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér við ákveðinn aldur miðast við mismunandi námsgreinar og eru áherslurnar settar fram með tilliti til þess.

Eins og staðan er í dag sér Námsgagnastofnun að mestu um gerð námsefnis fyrir grunnskóla landsins, með nokkrum undantekningum, en hlutverk Námsgagnastofnunar er að hanna námsefni út frá markmiðum aðalnámskrár og grunnskólalögum (lög um námsgögn, 71/2007).

### 2.1. Um gerð námsefnis

Þegar kemur að gerð námsefnis fyrir grunnskólanemendur er upplýsingum um staðla og kröfur heldur ábótavant. Þó er gert ráð fyrir að aðalnámskrá grunnskóla sé höfð að leiðarljósi við gerð námsefnis og mat á gæðum þess (almennur hluti, 2006, bls. 16). Ætlast er til að námsefni höfði til nemenda, líti aðlaðandi út og hæfi nemendum og þeim markmiðum sem aðalnámskrá setur. Þá er einnig höfuðatriði að námsefnið dýpki skilning nemenda á því sem fjallað er um sem og þeim sjálfum og umheiminum (almennur hluti, 2006, bls. 16). Þessi atriði er mikilvægt að hafa í huga þegar kemur að gerð námsefnis fyrir börn á grunnskólaaldri.

Aðalnámskrá grunnskóla er skipt í nokkra hluta eftir námsgreinum. Í hverjum hluta koma fram markmið um hvaða þekkingu, færni og reynslu nemendur eiga að hafa



tileinkað sér við ákveðinn aldur og þau fyrirmæli auðvelda námsefnishönnuðum mikið við hönnun námsefnis.

Í aðalnámskrá segir einnig að við val og gerð námsgagna verði að hafa jafnrétti að leiðarljósi en gæta verður þess að mismuna ekki nemendum eftir uppruna, kyni, kynferði, trúarskoðunum eða öðru slíku (almennur hluti, 2006, bls. 16). Það á síðan bæði við um gerð og val á námsefni að mikilvægt er að vanda framsetningu þess. Meðal annars verður að gæta þess að halla ekki á hlut neins og að ekki sé farið ónákvæmlega með staðreyndir (Ingvar Sigurgeirsson, 1999a, bls. 35). Í fjölbreyttu samfélagi dagsins í dag er mikilvægt að auka frekar skilning og þekkingu fólks og sporna þannig við fordómum.

Vert er að taka fram að skólastarf skal einkennast af áherslu á heilbrigða lífshætti og taka mið af þroska, áhugasviði og getu hvers og eins (lög um grunnskóla, 91/2008) og því verður námsefni að einkennast af sömu markmiðum auk þess að gefa nemendum færi á að ná markmiðunum eftir mismunandi leiðum.

## **2.2. Einstaklingsmiðun**

Mikið er rætt um einstaklingsmiðað nám í skólasamfélagi dagsins í dag og gerðar eru kröfur á að nemendur fái námsefni við hæfi. Strax í inngangi að almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla er lögð áhersla á sveigjanleika í skipulagi kennslu og einstaklingsmiðun (almennur hluti, 2006, bls. 4), því er mikilvægt að hafa einstaklingsmiðun og fjölbreytni í huga við gerð námsefnis.

Einstaklingsmiðun í námsefnisgerð er þáttur sem þarf að vanda enda er erfitt að hanna efni sem höfðar til allra nemenda og því hafa tvær leiðir verið notaðar, að semja tiltölulega einfalt efni sem flestir gætu notað eða efni með mismunandi þyngdarstigum, þar sem nemendur ættu að geta valið efni við hæfi (Aldís Yngvadóttir, 2008).

Almennt hefur sýnt sig að námsefni er að mestu hannað fyrir meðalnemanda, það þýðir að hvorki þeir bráðgeru né þeir sem eiga í námsörðugleikum fá námsefni við hæfi. Það er hinsvegar þannig að allir nemendur eiga það sameiginlegt að þurfa

námsefni sem er hæfilega krefjandi fyrir hvern og einn (Aldís Yngvadóttir, 2008). Þó má leiða að því líkur að það sé hægara sagt en gert að hanna námsefni sem hentar hverjum einasta nemanda og þá má jafnvel spyrja sig hvað sé til ráða.

Til dæmis er hægt að gera ráð fyrir því að kennarinn taki að sér að útsetja námsefni á mismunandi hátt eftir þörfum nemenda og því er hægt að taka undir ummæli Aldísar Yngvadóttur að „einstaklingsmiðun standi og falli með kennaranum” (Aldís Yngvadóttir, 2008). Ef reiknað er með að kennarinn útsetji efnið mismunandi eftir nemendum geta hönnuðir námsefnis einbeitt sér að því að hanna efni sem hentar sem flestum en hægt er að vinna með á mismunandi hátt. Námsefni sem býður upp á ákveðinn sveigjanleika getur því gefið grunn að einstaklingsmiðuðu námsefni.

### 3. Grenndarkennsla

Grenndarkennsla gengur út á að auka söguvitund, grenndarvitund og umhverfisvitund nemenda og hvetja þá til að nýta sér þá vitneskju sem þeir hafa tileinkað sér (Bragi Guðmundsson, 2000, bls. 21). Bragi Guðmundsson (2000, bls. 48) leggur áherslu á að með því að efla þessa þrjá vitundarþætti sé verið að auka sjálfsvitund fólks og styrkja samábyrgð þess gagnvart umhverfinu og öðrum.

Til þess að átta sig á hvað í hugtakinu grenndarkennsla felst, er nauðsynlegt að skilja hvað felst í undirhugtökunum söguvitund, grenndarvitund og umhverfisvitund, auk sjálfsvitundar. En þessar vitundir eru þær grunnvitundir sem grenndarfræðin byggja á og grenndarkennslunni er ætlað að efla.

Sagan er órjúfanlegur hluti af menningu þjóðar og því er mjög mikilvægt að gera menn læsa á sögulegt umhverfi sitt, þannig að þeir geti notið þess og skynjað allt það sem landið og saga þess hefur upp á að bjóða (Bragi Guðmundsson, 1998, bls. 274). Þannig er söguvitund þessi skynjun og læsi á söguna og samspil hennar við land og þjóð. Söguvitund er hvort tveggja í senn, persónuleg og sameiginleg með öðrum. Hún verður til við einstaklingsbundna túlkun á fortíð, nútíð og væntingum til framtíðar en einnig vegna sameiginlegs bakgrunns einstaklinga. Allir þessi þættir hafa áhrif hver á annan, meðal annars vegna þess að talið er að við veljum okkur þá þætti fortíðarinnar sem falla best að skynjun okkar á nútíð og hugmyndum um framtíð. Þannig getur sagan ljáð okkur upplýsingar varðandi núverandi ástand og stutt við lífsviðhorf okkar og skoðanir (Bragi Guðmundsson, 2000, bls. 27-28). Vegna þess að söguvitund er bæði persónuleg og sameiginleg er eðlilegt að nýta nágrenni mannsins til að efla hana (Bragi Guðmundsson, 1998, bls. 274).

Grenndarvitund er sú skynjun og mat sem einstaklingur leggur á sitt næsta nágrenni, nánar tiltekið menningu og atvinnulíf svæðisins. Hana er meðal annars hægt að styrkja með því að ganga út frá hinu einstaka sem er næst einstaklingnum og efla þannig þekkingu og skilning hans. Um leið og þekkingin eykst má svo búast við að einstaklingurinn verði færari til þess að takast á við stærri og fjarlægari verkefni. En með þekkingu á eigin umhverfi má einnig segja að einstaklingurinn móti eigin sjálfsmynd (Bragi Guðmundsson, 2000, bls. 35).

Í hugtakinu umhverfisvitund felst meðal annars umhyggja fyrir náttúrunni og að geta greint samhengi manlegra athafna og náttúru (Bragi Guðmundsson, 2000, bls. 38). Lögð er áhersla á að lifa í sátt við umhverfið og vera meðvitaður um mikilvægi þess að kynslóðirnar skili náttúru landsins af sér í jafn góðu ástandi og hún var þegar þær tóku við henni (Bragi Guðmundsson, 2000, bls. 42-43).

Sjálfsvitund er eiginlega sá þáttur vitundar sem mótast með tilliti til allra ofangreindra þátta og fleiri til. En maðurinn hefur frá upphafi reynt að skilgreina sjálfan sig með tilvistarspurningum af ýmsu tagi og spurningunni: Hver er ég? Ein útskýringin á hegðun og atferli einstaklings er samspil erfða og umhverfisáhrifa, svo sem fjölskyldu, skóla, trúarbragða, samfélags og heimabyggðar, svo eitthvað sé nefnt (Bragi Guðmundsson, 2000, bls. 22-23).

Grenndarkennsla felst meðal annars í því að byggja upp þekkingu á nærumhverfi einstaklings, að hann skilji fyrst það sem er næst honum, áður en áhersla er færð yfir á fjarlægari hluti (Bragi Guðmundsson, 2000, bls. 50). Fræðsla um heimabyggð og nærumhverfi getur þannig aukið bæði umhverfis og samfélagsvitund nemenda. Með grenndarkennslu er einnig hægt að hafa áhrif á hvernig sjálfsvitund nemenda styrkist á grunni búsetu og menningar án þess að þeir missi sjónar á því sem fjær er (Bragi Guðmundsson, 1998, bls. 287).

Þannig er hægt að draga þá ályktun að grenndarkennsla auki virðingu og umhyggju nemenda í garð heimabyggðar sinnar auk þess að efla skilning á fjarlægari stöðum og fyrirbærum. Þá má benda á að grenndarkennsla og það sem hún stendur fyrir tengist í raun öllum námsgreinum grunnskólans, íslensku, samfélagsgreinum, náttúrufræði, myndmennt og verkgreinum (Bragi Guðmundsson, 2000, bls. 55-56). Því má ætla að gott sé að nýta sér þennan fjölbreytileika í kennslu og auka um leið sögu- og umhverfisvitund nemenda. Það er til dæmis hægt að gera í gegnum umfjöllun um þjóðsögur.

## 4. Þjóðsögur

Það er óhætt að segja að vel flestir Íslendingar þekki til þjóðsagna, svo sem sögunnar af Gilitrutt og sögunnar af átján barna föður í álfheimum. Þjóðsögur eru hluti af menningararfi Íslendinga og er mikilvægt að kynna þennan sagnaheim fyrir nemendum grunnskóla.

Ef litið er á þýðingu orðsins þjóðsaga sést að orðið þýðir: „frásögn sem lifir á vörum alþýðu mann fram af manni” og „saga sem á sér litla eða enga stoð í raunveruleikanum” (Snara vefbækur e.d.). Sögurnar, sem oftast fjalla um samskipti manna við eitthvað yfirnáttúrulegt, hafa löngum haft aðdráttarafl fyrir börn jafnt sem fullorðna.

Þjóðsögurnar eru jafn ólíkar að innihaldi og þær eru margar. Þó er hægt að skipta þeim í nokkra flokka eftir því hvert efni þeirra er, þá er átt við hvort um sé að ræða sögur af álfum, draugum, tröllum eða öðru. Hér verður notast við flokkunarkerfi Jóns R. Hjálmarssonar (2000) en í bók sinni, *Þjóðsögur við þjóðveginn* skiptir hann sögunum í sex flokka:

- Álfasögur, þar sem fjallað er um samskipti álfa og manna, margvíslega helga staði og álagabletti.
- Draugar og kynjaverur, oftast sögur af ýmis konar draugum og samskiptum manna og drauga.
- Galdramannasögur, segja frá galdramönnum, úrræðum þeirra og kunnáttu.
- Af mönnum og skepnum, sögur í þessum flokki lýsa hvernig samskipti manna og dýra geta skipt sköpum auk þess að lýsa ýmsum viðburðum.
- Í efra og neðra, eru sögur sem tengjast verum úr efra eða neðra, einna helst af samskiptum kölska við menn.
- Tröll og óvættir, þessi flokkur inniheldur sögur af tröllum, skessum og öðrum skrímslum og óvættum.

Skoðanir Kristjáns Kristjánssonar á gildi þjóðsagna eru áhugarverðar, þar sem svo virðist vera að almennt sé ekki litið á fræðslugildi þeirra sem mikið. Að hans sögn er að sjálfsögðu hægt að læra um mannleg gildi og líf án þess að lesa þjóðsögur en þær séu hins vegar hentugt tæki til að skoða sannindi þess mannræna. Þjóðsögur hafa

Þannig það kennslufræðilega gildi að minna á hvar mannleg mörk liggja og jafnvel vara við hvað gerist ef menn teygja sig út fyrir þau mörk, hvort sem er í átt þess illa eða góða (Kristján Kristjánsson, 2002, bls. 336). Þess vegna verður því varla neitað að þjóðsögur eru „ekki bara til að skemmta, heldur líka til að mennta” (Ólína Þorvarðardóttir, 1996, bls. 1).

#### **4.1. Þjóðsögur sem námsefni**

Þjóðsögur og þjóðtrú hafa fylgt þjóðinni frá upphafi og eru nú orðnar hluti af menningararfinum. Í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á að nemendur kynnist menningu þjóðarinnar og að menningarvitund þeirra sé eflid (almennur hluti, 2006, bls.9-10). Ætlast er til þess að nemendur hafi lesið þjóðsögur og þulur og þekki til grunn bókmenntahugtaka sem þeim tengjast (Íslenska, 2007, bls. 14 og Samfélagsgreinar, 2007, bls. 12). Þessar kröfur eru alls ekki óviðeigandi enda þjóðtrúin hluti af samfélaginu og þjóðsögur mikilvægur þáttur í bókmenntaarfi Íslendinga.

Þjóðsögur hafa það til að bera að í þeim takast á hið góða og hið illa og oft er líf eða afkoma einstaklings undir því komið hversu ráðagóður hann er. Þjóðsögur eru því miklu meira en bara ævintýri þar sem allt getur gerst (Ólína Þorvarðardóttir, 1996, bls. 1).

Í gegnum tíðina hafa þjóðsögur gegnt því hlutverki að sýna fram á hvernig venjuleg manneskja bregst við aðstæðum sem hún lendir í, þar sem kljást þarf við öfl sem oftast en ekki eru ómannleg. Þannig sýna þjóðsögur fram á sam-mannlega eiginleika sem skilja venjulegt fólk frá því illa og góða (Kristján Kristjánsson, 2002, bls. 335). Við þetta má síðan bæta að þjóðsögur hafa alltaf verið til taks með dæmi um aðstæður sem takast þarf á við þrátt fyrir ótta. Grunnskólanemendur eru enn að læra um heiminn og móta sér sjálfs- og heimsmynd og þurfa að vita af hættum heimsins til þess. Þjóðsögur eru að vissu leyti sannar sögur þótt þær hafi ekki endilega gerst í raunveruleikanum en þær miðla ótta mannsins og hvernig hægt er að takast á við óttann og leysa vanda (Ólína Þorvarðardóttir, 1996, bls. 1-2).

Fyrr á tímum voru þjóðsögur oft notaðar sem uppeldistæki, þá aðallega með hræðsluáróðri, álfasögurnar minntu menn á að bera virðingu fyrir náttúrunni, annars færi illa fyrir þeim. Það sama á við um söguna um Grýlu, en börnum er jafnvel enn í dag sagt að ef þau hagi sér illa komi Grýla og taki þau (Elín Heiður Gunnarsdóttir og Írena Lilja Kristjánsdóttir, 2008, bls. 9-10). Í dag má ætla að þjóðsögurnar vekji meiri forvitni og spennu heldur en hræðslu og sú þróun er líkast til jákvæð.

Þjóðsögurnar gefa börnum færi á að samsvara sig atburðarás sem þau óttast og læra að takast á við erfiðar aðstæður af eigin rammleik en þau læra það á einfaldan hátt þar sem þjóðsögurnar eru oftar en ekki dæmisögur um hvað getur gerst í lífinu og eru einfaldaðar svo þau eigi auðveldara með að samsvara sig aðalhetjunni (Ólína Þorvarðardóttir, 1996, bls. 3). Þjóðsögur eru sífellt í þróun og enn í dag verða til þjóðsögur, sem gerast í nútímanum. Umhverfið er breytt, aðstæðurnar eru öðruvísi en óttinn og lausnirnar eru að miklu leiti þær sömu. Þannig miðla þjóðsögurnar siðferði og gildismati samfélags hvers tíma sem þær eru sagðar á (Ólína Þorvarðardóttir, 1996, bls. 4-5).

Með þetta í huga liggur beint við að draga þá ályktun að þjóðsögur séu hentugt kennsluefni og þá ekki aðeins að því leyti að þær séu tengsl við menningararfinn og þroski með nemendum sögu- og umhverfisvitund og geti þannig verið fræðandi fyrir þá sem læra vilja um landið sjálft, heldur gefa þær nemendum einnig færi á að læra ýmislegt um sjálfa sig með því að samsvara sig persónum úr sögunum en með því getur sjálfsvitund þeirra þroskast. Þegar tekið er tillit til þessa má segja að möguleikar þess að nota þjóðsögur sem verkfæri til kennslu séu fjölmargir og þess virði að nýta.

## 5. Nám og námskenningar

Þrátt fyrir að Guðmundur Finnbogason hafi talið að menntun væri ekki fólgin í einhliða æfingu vissra krafta heldur yrði að efla manneðlið í heild og koma samræmi á milli líkama og sálar mannsins (Ólafur Páll Jónsson, 2010, bls. 1) virðist almennt viðhorf til kennslu vera að hún sé þekkingarmiðlun og að hlutverk nemenda sé að taka við því sem til þeirra er miðlað. Þess konar aðferðir hjálpa lítið til við að efla vitsmuni nemendanna en þjálfa heldur minni þeirra (Hafþór Guðjónsson, 2010, bls. 2). Kalla má þetta viðhorf varhugavert enda gefur þekkingarmiðlunin ein ekki tækifæri á gagnrýnni hugsun og vitsmunalegum þroska.

Viðhorfið að kennsla sé einhliða þekkingarmiðlun er því ekki aðeins frekar varhugavert heldur stangast á við stefnu aðalnámskrár grunnskóla. Þar kemur fram að ætlast sé til að grunnskóli skuli eftir megni haga störfum sínum eftir þörfum hvers nemanda fyrir sig og stuðla þannig að alhliða þroska einstaklingsins (almennur hluti, 2006, bls. 9). Miðað við það ætti kennsla að vera hagað með sem fjölbreyttustum hætti og í þeim tilgangi að þroska vitsmuni nemenda.

### 5.1. Þemanám

Samþætting námsgreina kallast það þegar viðfangsefni eða verkefni nær yfir þekkingar- og færniþætti fleiri en einnar námsgreinar. Ein aðferðin við að samþætta námsgreinar er þemanám. Þemanám gegnir reyndar ýmsum öðrum nöfnum, „tópíkvinna,” hópvinna, söguaðferðin og fleira. Hægt er að fara ýmsar leiðir til að samþætta námsgreinar undir þema og skipuleggja þannig heildstætt nám (Lilja M. Jónsdóttir, 1996, bls. 9). Ingvar Sigurgeirsson (1999b, bls. 150) bendir á að viðfangsefni þemanáms séu oftast en ekki mjög umfangsmikil.

Verkefni sem hönnuð eru undir þema til að þætta saman mismunandi námsgreinar geta, ef þau eru rétt skipulögð, boðið upp á tækifæri til að þjálfa nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og auka eigin ábyrgðartilfinningu (Park og Son, 2010). Þemanám krefst notkunar fjölbreyttra kennsluaðferða þannig að nemendur fái tækifæri til að nálgast viðfangsefnið frá mismunandi sjónarhornum og auka þannig skilning sinn á efninu. Vinnubrögðin geta verið mismunandi og spanna sjálfstæða



vinnu, skapandi vinnubrögð, hópastarf, ýmis konar lestur og fleira. Auk þess þroskar það ýmsa félagslega eiginleika, eins og samvinnu, sanngirni, virðingu og fleira (Lilja M. Jónsdóttir, 1996, bls. 10).

Þar sem þemavinna byggist oft á verkefnum þar sem mörgum námsgreinum er þætt saman snertir hún margar, ef ekki allar, greindir einstaklingsins, samkvæmt fjölgreindakenningu Gardners. En fjölgreindakenningin byggir á því að allir einstaklingar búi yfir átta mismunandi greindum sem þó séu missterkar hjá hverjum einstaklingi. Með þjálfun er hægt að auka færni á þeim og þróa hverja greind á viðhlítandi stig. Í vel skipulagðri þemavinnu fá allir nemendur færi á að spreyta sig á því sviði sem þeir eru sterkastir en fá jafnframt tækifæri til að efla veikari sviðin. (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005, bls. 15).

Námsefni sem bæði býður upp á einstaklingsvinnu og samvinnu með öðrum getur því hentað vel þegar unnið er með slíkum hætti. Margir hafa kynnst þemanámi í gegnum hópavinnu en það er ekki eina aðferðin sem nota má til að nálgast þema. Þemanám býður upp á jafna möguleika til einstaklingsvinnu og hópa- eða parastarfs, ef það er skipulagt þannig (Lilja M. Jónsdóttir, 1996, bls. 16).

Nemendur hafa oft meira gaman af þemanámi en öðru námi og taka því jafnvel sem svo að ekki sé um „alvöru“ nám að ræða. Það hefur löngum verið ríkjandi viðhorf að skemmtilegt nám geti ekki verið mikilvægt nám sem geri kröfur til nemenda. Því er nauðsynlegt að nemendum sé gerð grein fyrir því í upphafi hvaða kröfur séu gerðar til þeirra og þeirrar vinnu sem þeir skila af sér (Lilja M. Jónsdóttir, 1996, bls. 23). Einn af kostum þemanámsins er að það býður upp á möguleika til einstaklingsmiðunar þannig að allir hafi tækifæri á að njóta sín sem best.

## **5.2. Félagsleg hugsmíðahyggja**

Í kenningum um félagslega uppbyggingu þekkingar kemur fram áhersla á tengingu á milli þroska barnsins og þess náms sem fram fer og að hinn fullorðni verði því að styðja við barnið og vera því fyrirmynd. Oft er haft fyrir satt að það læri börnin sem fyrir þeim er haft. Því er mikilvægt að skólinn geti tekið breytingum samfara þróun

samfélagsins og nám og kennsla skipulagt samkvæmt því (Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005, bls. 14).

Einn þekktasti talsmaður félagslegrar hugsmíðahyggju er Lev Vygotsky en hann lagði áherslu á að allir hlutir, í félagslegu og menningarlegu umhverfi barns, væru tæki þess til að læra og þroskast (Shabani, Khatib og Ebadi, 2010, bls. 238). En kenningar Vygotsky ganga út á að æðri vitsmunir manna mótist af umhverfinu sem þeir búa við, þ.e. félagslegu, menningarlegu og sögulegu umhverfi, en einnig sérstaklega af athöfnum sem þeir taka þátt í (Hafþór Guðjónsson, 2010, bls. 3). Þannig má ætla að athafnir sem eru vitsmunalega krefjandi ýti undir vitsmunalegan þroska og mótist meðal annars af félagslegu, menningarlegu og sögulegu samhengi.

Í kenningum Vygotskys um félagslega uppbyggingu þekkingar má líka finna merki um einstaklingsmiðun en í hugmyndum hans má sjá að megintilgangur skóla er að styðja alla nemendur til náms og til að það sé hægt verði að meta þroska og þekkingu hvers og eins og veita þeim síðan nám við hæfi (Hafðís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005, bls. 14).

Í grein Hafþórs Guðjónssonar frá árinu 2010 (bls. 5) kemur fram að hann er hallur undir kenningar Vygotsky og bendir meðal annars á að nám sé í raun ekki þroski en vel skipulagt nám geti leitt til vitsmunalegs þroska. Af því má álykta að kennsluáðferðir sem gefa færi á gagnrýnni hugsun og samræðum, bæði milli nemenda og milli kennara og nemenda, hjálpi nemendum að bæta við vitsmunalþroska sinn og skili þannig frekar einstaklingum með gagnrýna hugsun út í samfélagið.

Í þeim skilningi er mikilvægt að kennari skapi eftir megni námsumhverfi sem hvetur nemendur til gagnrýnnar hugsunar og gefi færi á krefjandi umræðum sem bjóða upp á vitsmunalega átök (Hafþór Guðjónsson, 2010, bls. 8). Neil Mercer er einnig talsmaður þess að skólastarf eigi fyrst og fremst að beinast að því að hjálfa nemendum í því að hugsa en honum finnst það best gert í gegnum samræður þannig að nemendur fái færi á því að skoða málin og ígrunda hugmyndir (Hafþór Guðjónsson, 2010, bls. 10). Þó er vert að athuga, að ekki henta öllum nemendum sömu aðferðir og viðfangsefni í námi. Það er því ljóst að mikilvægt getur verið að taka tillit til einstaklingsins á þessu sviði til þess að ýta undir frekari vitsmunalegan þroska.

Að þessu sögðu er ekki úr vegi að taka til greina tilfinningalegan þroska nemenda. En nemendur þurfa að fá færi á að þroskast tilfinningalega samhliða vitsmunalegum þroska og gagnrýnni hugsun. Það er ekki alltaf auðvelt að ýta undir tilfinningalegan þroska en oft er hann ekki síður mikilvægur en það efni sem nemendur læra í skóla (Burden og Byrd, 2007, bls. 91).

## 6. Amma Þuríður og Þjóðsagnaferðin

*Amma Þuríður og Þjóðsagnaferðin* er námsefni byggt á þemanámi og hefur margvísleg markmið, sem meðal annars tengjast því að þjálfra gagnrýna hugsun. Því má í raun tengja námsefnið við tvær mismunandi námskenningar, þemanám og félagslega uppbyggingu þekkingar, sem byggð er meðal annars á kenningum Vygotskys. Að sjálfsögðu má finna tengingar við aðrar kenningar ef vel er að gáð og einnig fer það eftir vali á kennsluaðferðum og þeim námskenningum sem hver kennari vinnur eftir.

Námsefnið byggir á þjóðsögum og eru þær notaðar til að þætta saman íslensku, samfélagsgreinar og grenndarkennslu. Námsefninu er skipt í fjóra hluta, eftir landshlutum, og innan þeirra verður svo unnið með ákveðna flokka þjóðsagna. Áætlað er að nemendur í 3. og 4. bekk grunnskóla geti notað námsefnið og það er því unnið með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla í viðeigandi námsgreinum fyrir þann aldur

Í námsefninu er athyglinni að mestu beint að staðháttum og þjóðsögum og er ætlað er að efla þekkingu nemenda á þeim menningararfi sem þjóðsögurnar eru, ásamt því að efla þekkingu þeirra í grenndarfræðum, samfélagsgreinum og íslensku máli. Þannig verða þjóðsögurnar notaðar sem kveikjur að umræðum um staðhætti, aðrar þjóðsögur og samfélag fyrri tíma auk þess að þjálfra lestur, ritun, lesskilning og fleiri þætti móðurmálsins.

Í námsefninu verða þó ekki allir sex þjóðsagnaflokkarnir nýttir, sem nefndir eru í bók Jóns R. Hjálmarssonar (2000), heldur aðeins fjórir, álfasögur, draugasögur, af mönnum og skepnum og tröllasögur. Því eru ekki sögur af galdramönnum eða samskiptum manna og kölska í námsefninu enda af nógu að taka í hinum flokkunum fjórum.

Ætlunin er að þetta námsefni geti boðið upp á vissan sveigjanleika þegar kemur að ítarefni og vali á kennsluaðferðum. Verkefnið og sagan í heild eru aðeins grunnurinn af viðameira efni og er það undir kennaranum komið hvernig hann nýtir þennan sveigjanleika eftir efnum og aðstæðum.

## **6.1. Þörfin fyrir námsefnið**

Við litla óformlega athugun komst ég að því að ekki er til mikið námsefni sem býður upp á samþættingu faga í gegnum þema. Á vef Námsgagnastofnunar (Námsgagnastofnun, e.d.) má sjá allt útgefið efni á vegum stofnunarinnar og leitaði ég að efni fyrir 3.-4. bekk í íslensku, samfélagsgreinum og náttúrufræði með áherslu á grenndarkennslu. Niðurstöður mínar voru þær að í dag finnst ekkert námsefni sem samþættir þessar námsgreinar undir þema og þjóðsögutengt efni var ekki mikið en þætti þá saman móðurmál og samfélagsgreinar, ef eitthvað. Þessi könnun mín styrkti þá kenningu mína að námsefni sem samþættir fög út frá þema sé í raun frekar ábótavant.

## **6.2. Lýsing á námsefninu**

Námsefnið er saga tveggja frændsystkina sem leggja af stað í ferðalag hringinn í kring um landið með ömmu sinni og segir frá hvað börnin læra í ferðinni. Amma segir þeim ótal þjóðsögur og ræðir líka um ýmsa staði og náttúrufrýrbrigði.

Sagan hefst á Austfjörðum en bæði börnin og amma þeirra búa á Vopnafirði. Þau leggja síðan af stað í ferðalag og fyrsta næturstoppið er í Bakkagerði á Borgarfirði Eystri. Þar fá börnin að heyra um álfkonuna Snotru í Snotrunesi og einnig ræða þau svolítið um Dyrfjöll. Verkefnin með þessum fyrsta hluta tengjast meðal annars ferð þeirra frá Vopnafirði á Borgarfjörð, Dyrfjöllum og þjóðsögunni sem þau heyra.

Í öðrum hluta er í fyrstu farið hratt yfir sögu, en amma og krakkarnir keyra Austfirðina á einum degi og skoða ýmsa álfasteina og heyra fleiri þjóðsögur. Þau gista síðan í Skaftafelli í Örafum og fræðast um þjóðgarðinn auk þess sem amma segir aðra sögu, sem ekki er greint ýtarlega frá. Daginn eftir stoppa þau hinsvegar við Hvammsnúp undir Eyjafjöllum og þar segir amma söguna af Flóðalabba við Hvammsnúp en það er draugasaga. Að auki er aðeins rætt um Eyjafjallajökul og lítilliga um eldgos. Verkefnin snúast meðal annars um vegalengdir, að staðsetja staði á korti, skapandi ritun, teikningu og að finna draugasögu úr eigin nágrenni.

Í þriðja hluta námsefnisins liggur leið ömmu og krakkanna alla leið frá Eyjafjöllum á Látrabjarg á Vestfjörðum, leið þeirra er lýst lauslega í kaflanum og minnst á nokkrar

Þjóðsögur sem hægt væri að vinna út frá, þangað til þau koma að Látrabjargi. Aðalviðfangsefni kaflans er sagan um Óvættinn í Látrabjargi og snúast verkefni um söguna, að staðsetja Látrabjarg á korti, skapandi ritun og fleira.

Fjórði hluti námsefnisins segir frá ferð ömmu og krakkanna frá Látrabjargi og í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu. Sem fyrr er minnst á ýmis náttúrufrirbrigði og þjóðsögur á leiðinni í Vatnsdal, þar sem sagan um Skíðastaðastúlkuna og hrafninn gerist. Sögunni og aðdraganda hennar fylgja síðan verkefni sem, sem fyrr, felast meðal annars í skapandi skrifum og að staðsetja þjóðsöguna á korti.

Auk þessara fjögurra hluta er svo einn hluti sem segir frá heimferð og heimkomu krakkanna á Vopnafjörð og frásögn um það hvernig þeim fannst ferðin. Á leiðinni heim er að sjálfsgöðu minnst á fleiri þjóðsögur sem hægt er að vinna út frá og staði sem vert er að veita athygli.

### **6.3. Tenging við námsgreinar**

Námsefnið byggist, eins og fram hefur komið, á samþættingu nokkurra námsgreina í gegnum þemað þjóðsögur. Aðaláherslan er lögð á íslensku, samfélagsgreinar og grenndarkennslu en þó er hægt að segja að aðrar námsgreinar tengist efninu beint og óbeint.

Tenging námsefnisins við íslensku er fjölpætt, en nemendur hljóta þjálfun í lestri mismunandi texta, bæði upphátt og í hljóði og fá þjálfun í ýmis konar ritun í verkefnum þar sem málfar og réttiritun þjálfast um leið. Þannig kemur námsefnið inn á ýmis viðfangsefni íslenskunnar sem talin eru upp í kaflanum um tengingu við aðalnámskrá grunnskóla. Þó má ætla að allt námsefni á íslensku þjálfði málið á ýmsan hátt um leið og það þjálfar aðra þætti. Að sjálfsgöðu er jafnvel hægt að nálgast fleiri markmið aðalnámskrár ef út í það er farið og kennarinn hefur áhuga og vilja til að beita kennsluaðferðum þannig.

Í tengingu við samfélagsgreinar er áhersla lögð á fyrri tíma, náttúruvernd og ýmsa náttúruþætti eins og örnefni og þess háttar. Samfélagsgreinar eru í raun mjög breið námsgrein sem kemur víða við og því þarf að velja og hafna þegar kemur að

markmiðum og tengslum við námskrána. Í tengslum við þetta námsefni er áherslan þó á samfélag fyrri tíma samanborið við samfélag dagsins í dag auk þess að auka á vitund nemenda fyrir umhverfi sínu og náttúruvernd.

Tengslin við grenndarkennslu eru hugsanlega ógreinilegri þar sem fljótt á litið virðist námsefnið frekar tengjast landafræði Íslands. Reyndar var það með ráðum gert til þess að námsefnið hentaði ekki aðeins nemendum á einhverju ákveðnu svæði heldur væri það frekar almennt en gæfi kost á að rannsaka þjóðsagnatengsl í heimabyggð út frá viðfangsefni námsefnisins.

En það að tengja grenndarkennsluna við námsgreinarnar og nýta tækifærið til að bera saman það nærtæka, eins og heimabyggð, og það fjarlægara, til dæmis aðra landshluta styrkir meðal annars sögu- og umhverfisvitund einstaklings og gerir hann hæfari til þátttöku í því samfélagi sem hann tilheyrir (Bragi Guðmundsson, 2000, bls. 55-56). Skólar dagsins í dag skipa stóran sess í lífi nemenda og mótun sjálfsvitundar þeirra og því er um að gera að hvetja þá til að hugsa um umhverfið og styrkja eigin heimabyggð en þannig má gera ráð fyrir að þeim opnist ný sjónarhorn á fjarlægari staði (Eygló Björnsdóttir, 2011).

Grenndarkennsla sameinar þannig nokkur markmið aðalnámskrár grunnskóla í íslensku og samfélagsgreinum, auk annarra námskráa, til dæmis að nemendum sé kynntur sá menningararfur sem meðal annars finnst í staðarmenningunni (Bragi Guðmundsson, 2000, bls. 58).

#### **6.4. Tenging við aðalnámsskrá**

Eins og fram hefur komið er aðalnámsskrá grunnskóla viðmið um hvaða árangri nemendur eiga að ná á ákveðnu tímabili og skiptist aðalnámsskrá í einingar eftir námsgreinum. Hér á eftir eru tekin dæmi um þau markmið aðalnámskrár sem nemendur eiga að hafa náð við lok 4. bekkjar en þau markmið eru notuð til hliðsjónar við gerð námsefnisins en þessi markmið má finna í aðalnámsskrá grunnskóla, íslenska (2007) og samfélagsgreinar (2007). Ítarlegri skrá yfir markmiðin sem námsefninu er ætlað að ná má finna í kennsluleiðbeiningum.

Við lok yfirferðar námsefnisins er ætlast til að nemandi:

- hafi góðan og skýran framburð og hafi skilning á hvað góð framsögn er í mismunandi aðstæðum (Íslenska, 2007, bls. 12).
- hafi fengið tækifæri til að semja og upplifa ýmis konar listrænt efni og geti sagt frá eftir minni (Íslenska, 2007, bls. 12 og Samfélagsgreinar, 2007, bls. 13).
- hafi lært að meta íslenskan menningararf sem og menningu annarra. (Íslenska, 2007, bls. 12).
- hafi fengið þjálfun í að skrifa margvíslega texta (Íslenska, 2007, bls. 12).
- hafi öðlast góðan orðaforða samhliða því að kynnast mismunandi textum og þjálfast í lestri og framsögn (Íslenska, 2007, bls. 12).
- þekki til ýmis konar fróðleiks eins og þula, þjóðsagna og þekki einföld bókmenntahugtök, eins og söguþráð, persónur og boðskap (Íslenska, 2007, bls. 14 og Samfélagsgreinar, 2007, bls. 12 um þjóðsögur).
- hafi áttað sig á hvaða náttúruþættir móta umhverfið, þekki staði, örnefni og kennileiti í umhverfi sínu og kunna skil á sögum og landafræðilegum hugtökum þeim tengdum (Samfélagsgreinar, 2007, bls. 11).
- (Samfélagsgreinar, 2007, bls. 12).
- geti notað kortabækur, hnattlíkön og annað slíkt til upplýsingaöflunar (Samfélagsgreinar, 2007, bls. 12).
- skilji gildi bóka og internets við upplýsingaöflun og kunni að nýta sér þessi atriði, sem og bókasöfn við upplýsingaöflun (Samfélagsgreinar, 2007, bls. 13).

### **6.5. Kennsluleiðbeiningar**

Í kennsluleiðbeiningum má finna hugmyndir að verkefnum sem hægt er að vinna utan kennslubókarinnar eða með stuðningi hennar. Sem dæmi um önnur verkefni er að leiksetja eina þjóðsöguna í námsefninu. En kosturinn við leikræna tjáningu er að nemendur eru virkir og nálgast viðfangsefnið á nýjan hátt (Ingvar Sigurgeirsson, 1999b, bls. 102). Þá er stungið upp á skriflegri tjáningu og myndsköpun en með myndrænni útfærslu nálgast nemendur viðfangsefnið á annan hátt (Ingvar Sigurgeirsson, 1999b, bls. 106-107) og fá annan skilning á því.



Lögð verður áhersla á umræðu og spurnaraðferðir í kennsluleiðbeiningunum en það er í stíl við áhersluna sem lögð er á vitsmunalegan þroska og þjálfaða hugsun í anda Vygotsky (sjá framar og Hafþór Guðjónsson, 2010, bls. 5-8). Þannig er upplagt að kennari beiti stýrðri umræðu, eða samræðuaðferð til þess að fá fram vitneskju nemenda um þjóðsögur, Ísland í *gamla daga* og auka á vitneskjuna með samræðum og upplýsingaöflun. Þetta þjálfar nemendur ekki bara í að tjá sig, heldur einnig að hlusta á aðra, virða skoðanir þeirra og þroskar rökhugsun (Ingvar Sigurgeirsson, 1999b, bls. 92).

Í námsefninu sjálfu er minnst á ýmsa staði um landið þvert og endilangt sem hægt er að taka sérstaklega fyrir í umfjöllun um land og þjóð auk þess sem minnst er á margar þjóðsögur sem hægt er að vinna með sem aukaefni. Það er að sjálfsögðu þannig að kennsluleiðbeiningarnar eru aðeins til viðmiðunar og það er kennarans sjálfs að ákveða hvaða aðferðir eru notaðar og hvernig nálgast á námsefnið en leiðbeiningarnar gefa hugmyndir sem hægt er að útfæra eftir hentugleika auk útskýringa á hvernig hægt er að leysa nokkur verkefni, eins og verkefni um vegalengdir, en þau er meðal annars hægt að leysa með að finna svörin á Internetinu eða reikna sjálfstætt en á kortunum er gefinn upp kvarði.

Kennsluleiðbeiningarnar innihalda einnig þau markmið sem námsefninu er ætlað að ná og eru markmiðin byggð á lokamarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla (íslenska, 2007 og samfélagsgreinar, 2007). Þannig hefur sá sem hefur hug á að nýta sér námsefnið aðgang að hugmyndum um hvaða markmiðum skuli náð með yfirferð námsefnisins.

Notkun fjölbreytts námsmats getur skipti sköpum í að fá góða yfirsýn yfir framfarir og stöðu nemenda og í kennsluleiðbeiningunum má einnig finna hugmyndir að námsmatsaðferðum sem hægt væri að nýta við notkun námsefnisins. Það er þó með námsmatið eins og kennsluáðferðirnar að í leiðbeiningunum er aðeins um hugmyndir að ræða en ekki eina rétta aðferð við að meta námsefnið. Það er kennarans að meta hvernig hægt er að gera þetta allt saman á þann hátt að það henti flestum, ef ekki öllum nemendum hans.

Aftast í kennsluleiðbeiningunum er síðan kafli sem kallast *ábendingar* en í honum eru ábendingar sem snúa meðal annars að úrlausnum verkefna. Sem dæmi má nefna ábendingu um síðu á Internetinu þar sem finna má töflu yfir vegalengdir milli helstu staða á Íslandi en með henni má auðvelda nemendum að finna út vegalengdir á milli þeirra staða sem nefndir eru í verkefnum sem snúa að vegalengdum.

Þessar kennsluleiðbeiningar eru aðeins til viðmiðunar fyrir kennara og er ætlunin að þær opni fyrir hugmyndaflæði um hvernig hægt sé að nálgast efnið þannig að sem flestir nemendur læri og eflist á því á sem fjölbreyttastan hátt.

## 7. Lokaorð

Námsefnisgerð er krefjandi en skemmtilegt starf og í mörg horn er að líta þegar kemur að því að taka ígrundaðar ákvarðanir um efnistöð og útlit. Lítið er til um gerð námsefnis og því erfitt að leita sér upplýsinga um hvernig hægt sé að bera sig að. Vinnan við þetta verkefni hefur þó verið sérlega ánægjuleg og áhugaverð og er óhætt að segja að þetta ferli hafi verið mjög lærdómsríkt.

Þjóðsögur eru viðfangsefni sem heilla marga og því er upplagt að nýta sér áhuga barna á þeim til þess að flétta saman hin ýmsu viðfangsefni skólans. Hafi kennari áhuga og metnað á að gera skólastarfið fjölbreytt og leggja ýmis mál fyrir nemendur sína í einu getur verið kjörið að nota þjóðsögur og námsefnið *Ömmu Þuríði og Þjóðsagnaferðina* sem efnivið til að komast af stað í mun viðtækari verkefni en námsefnið sjálft inniheldur.

Ég lagði upp með að búa til námsefni sem þætti saman íslensku, samfélagsgreinar og grenndarkennslu og á þeim tíma sem liðið hefur við vinnu þessa verkefnis hefur mikið vatn runnið til sjávar og margt við verkefnið breyst svo um munar. Heildarhugmyndin og útlitið er enn mikið til hið sama en sum verkefnin hafa færst úr námsefninu sjálfu yfir í kennsluleiðbeiningar.

Lokaniðurstaðan byggir síðan á einfaldri les- og verkefnabók þar sem verkefni taka við af lesköflum og kennsluleiðbeiningum sem gefa kennurum hugmyndir að mismunandi nálgunum og verkefnum sem tengjast námsefninu beint og óbeint. Með þessu móti hafa kennarar námsefnisins einnig færi á því að velja kennsluaðferðir og verkefni með það að sjónarmiði að auka við einstaklingsmiðun í kennslu þannig að allir fái nám við hæfi út frá sama þema.

## 8. Heimildir

- Aldís Yngvadóttir. (4. apríl 2008). Einstaklingsmiðað námsefni. Tilraun til skilnings og skilgreiningar. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 13. janúar 2011 af: <http://netla.khi.is/greinar/2008/001/index.htm>
- Bragi Guðmundsson. (1998). Hvað er það sem börnin erfa? í Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson (ritstjórar), *Íslenska söguþingið 28.-31. maí 1997. Ráðstefnurit II* (bls. 274-288). Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands.
- Bragi Guðmundsson. (2000). Grenndarfræði. Í Bragi Guðmundsson (ritstjóri), *Lif í Eyjafirði* (bls. 17-58). Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Burden, P. R. og Byrd, D. M.. (2007). *Methods for Effective Teaching: Promoting K-12 Student Understanding*. Bandaríkin: Pearson, Allyn & Bacon.
- Elín Heiður Gunnarsdóttir og Írena Lilja Kristjánsdóttir. (2008). *Lifandi og gefandi íslenskunám: Fræðileg umfjöllun um þjóðsögur og leiklist í kennslu ásamt kennsluáætlun*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Eygló Björnsdóttir. (30. desember 2005). Hollur er heimafenginn baggi: Um grenndarkennslu og umhverfistúlkun sem leiðir í umhverfismennt. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 27. mars 2011 af: <http://netla.khi.is/greinar/2005/023/index.htm>
- Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi*. Reykjavík: HÁM
- Hafþór Guðjónsson. (31. desember 2010). Að vitsmunir barnanna þroskist á náminu... *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 14. mars 2011 af: <http://netla.khi.is/greinar/2010/010/index.htm>
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999a). *Að mörgu er að hyggja*. Reykjavík: Æskan

Ingvar Sigurgeirsson. (1999b). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Æskan

Jón R. Hjálmarsson. (2000). *Þjóðsögur við þjóðveginn*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Kristján Kristjánsson. (2002). Þjóðsögurnar og manneðlið. Í Baldur Hafstað og Haraldur Bessason (ritstjórar), *Úr manna minnum: Greinar um íslenskar þjóðsögur* (bls. 325-341). Reykjavík: Heimskringla.

Lilja M. Jónsdóttir. (1996). *Skapandi skólastarf*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

*Lög um grunnskóla nr. 91/2008*. Sótt 13. janúar 2011 af:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/log-og-reglugerdir/>

*Lög um námsgögn nr. 71/2007*. Sótt 13. janúar 2011 af: [http://www.nams.is/Um-](http://www.nams.is/Um-namsgagnastofnun/log/)

[namsgagnastofnun/log/](http://www.nams.is/Um-namsgagnastofnun/log/)

Menntamálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti*. Reykjavík:

Menntamálaráðuneytið. Sótt 12. janúar 2011 af:

[http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/0BEF1D5BB5954F46002576F00058DC09/Attachment/agalmennurhluti\\_2006.pdf](http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/0BEF1D5BB5954F46002576F00058DC09/Attachment/agalmennurhluti_2006.pdf)

Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska*. Reykjavík:

Menntamálaráðuneytið. Sótt 13. janúar 2011 af:

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=B53E86F8E8B16322002576F00058DC5C&action=openDocument>

Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla. Samfélagsgreinar*. Reykjavík:

Menntamálaráðuneytið. Sótt 13. janúar 2011 af:

[http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra\\_grsk\\_samfelagsgreinar.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_samfelagsgreinar.pdf)

Námsgagnastofnun. (e.d.). *Námsefni*. Sótt 13. janúar 2011 af: <http://nams.is/Namsefni/>

- Ólafur Páll Jónsson. (2010). Hvað er haldbær menntun? *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 14. mars 2011 af: <http://netla.khi.is/greinar/2010/009/prent/index.htm>
- Ólína Þorvarðardóttir. (27. júlí 1996). Þjóðsagan og barnið. *Morgunblaðið – Lesbók*. Sótt 26. mars 2011 af: [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=278418](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=278418)
- Park, J., og Son, J.. (2010). Transitioning toward Transdisciplinary Learning in a Multidisciplinary Environment. *International Journal of Pedagogies & Learning*, 6(1), 82-93. Sótt 10. febrúar 2011, af ABI/INFORM Global: <http://proquest.umi.com/pqdweb?index=5&sid=1&srchmode=1&vinst=PROD&fmt=6&startpage=-1&clientid=58040&vname=PQD&RQT=309&did=2190476891&scaling=FULL&ts=1296500394&vtype=PQD&rqt=309&TS=1300271697&clientId=58040>
- Shabani, K., Khatib, M., & Ebadi, S.. (2010). Vygotsky's Zone of Proximal Development: Instructional Implications and Teachers' Professional Development. *English Language Teaching*, 3(4), 237-248. Sótt 16. mars 2011 af ProQuest Education Journals: <http://proquest.umi.com/pqdweb?index=5&sid=3&srchmode=1&vinst=PROD&fmt=6&startpage=-1&clientid=58040&vname=PQD&RQT=309&did=2237177961&scaling=FULL&ts=1300270726&vtype=PQD&rqt=309&TS=1300270765&clientId=58040>
- Snara vefbókasafn*. (e.d.). *Námsefni*. Sótt 7. janúar 2011 af: <http://snara.is/vefbaekur/g.aspx?dbid=2&sw=námsefni&btn=Leita&action=search&bx>
- Snara vefbókasafn*. (e.d.). *Þjóðsaga*. Sótt 10. febrúar 2011 af: <http://snara.is/8/s8.aspx?action=search&sw=%u00fej%u00f3%u00f0saga>

## 8.1. Heimildir í námsefni

Ferðavefur Norðurlands vestra. (e.d.). *Sögustaðir í Húnavatnssýslum*. Sótt 29. mars 2011 frá:

<http://www.northwest.is/sogulegirstadir.asp>

Helgi M. Arngrímsson. (2000). *Dyrfjöll*. Vefur Dyrfjalla, náttúrugarðs. Sótt 16. febrúar 2011

frá:

[http://www.dyrfjoll.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=53&Itemid=60](http://www.dyrfjoll.is/index.php?option=com_content&view=article&id=53&Itemid=60)

Jón R. Hjálmarsson. (2000). Álfadrottningin í Snotrunesi (114-117). *Þjóðsögur við*

*þjóðveginn*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Jón R. Hjálmarsson. (2000). Flóðalabbi við Hvammsnúp (164-166). *Þjóðsögur við*

*þjóðveginn*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Jón R. Hjálmarsson. (2000). Óvætturinn í Látrabjargi (40-42). *Þjóðsögur við þjóðveginn*.

Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Jón R. Hjálmarsson. (2000). Skíðastaðastúlkan og hrafninn (63-65). *Þjóðsögur við*

*þjóðveginn*. Reykjavík: Almenna bókafélagið

Landnám Ingimundar Gamla. (2009). *Vatnsdalshólar*. Sótt 29. mars 2011 frá:

[http://www.vatnsdalur.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=44&Itemid=36](http://www.vatnsdalur.is/index.php?option=com_content&view=article&id=44&Itemid=36)

NAT.is. (e.d.). *Hvítserkur*. Vefur NAT.is. Sótt 29. mars 2011 frá:

[http://www.nat.is/travelguide/ahugav\\_st\\_hvitserkur.htm](http://www.nat.is/travelguide/ahugav_st_hvitserkur.htm)

NAT.is. (e.d.). *Látrabjarg*. Vefur NAT.is. Sótt 19. mars 2011 frá:

[http://www.nat.is/travelguide/ahugav\\_st\\_latrabjarg.htm](http://www.nat.is/travelguide/ahugav_st_latrabjarg.htm)

NAT.is. (e.d.). *Skaftafell, þjóðgarðurinn Skaftafell*. Vefur NAT.is. Sótt 13. mars 2011 frá:

[http://www.nat.is/travelguide/skaftafell\\_ferdavisir.htm](http://www.nat.is/travelguide/skaftafell_ferdavisir.htm)

Snara orðabækur. (e.d.) *Eldkeila*. Sótt 13. mars 2011 frá:

<http://snara.is/vefbaekur/g.aspx?dbid=2&action=search&sw=eldkeila>